

**SAMANTEKT UM
PÓLÍTÍSKA STEFNUMÖRKUN**

**Samantekt
um pólitíska
stefnumörkun
um töluleg
gögn um
raunfærnimat**



Norrænt tengslanet
um nám fullorðinna

INNGANGUR

Þetta stefnuskijal var þróað af Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) til að leggja áherslu á mikilvægi þess **að geta fylgst með og metið áhrif raunfærnimats sem framkvæmt er á Norðurlöndum**. Þar að auki hefur það þann tilgang að **auðvelda rannsóknir og mælingar á áhrifum raunfærnimats** sem geta lagt grunn að pólitískri forgangsröðun.

KÖNNUNIN

Raunfærnimatshópur NVL átti árið 2022 frumkvæði að því að kanna hvaða tölulegum upplýsingum um raunfærnimat (raunfærnimat á óformlegu og formlausu námi) er safnað á Norðurlöndum samkvæmt skilgreiningu ESB.

Eyðublað með Excel sniðmáti hefur verið sent út til allra Norðurlandanna, auk Færeyja, Álandseyja og Grænlands. Allar þjóðirnar hafa brugðist við og greint frá sínu fyrirkomulagi, þó að forsendurnar séu mismunandi eftir því hvernig á að skila og túlka umbeðin gögn.

Gögnunum hefur verið skipt í tvo hluta, í tengslum við samhengi og tilgang raunfærnimatsins, og hvernig tölulegum upplýsingum hefur verið safnað og hver ber ábyrgð á söfnuninni.



NIÐURSTÖÐURNAR

Samkvæmt könnuninni má segja að meginatilgangur einstaklings með raunfærnimati falli undir þrjá þætti:

- Aðgang að menntun á réttu stigi
- Styttingu menntunar með undanþágu
- Aðgang að vinnumarkaði með atvinnu.

Í flestum norrænu löndunum er raunfærnimat fyrir vinnumarkaðinn **nátengt formlegri starfsmenntun**, og þá er ekki um að ræða sérstaka leið. Svíar skilja sig frá í þessu samhengi þar sem aðilar vinnumarkaðarins stýra raunfærnimatsmódelum utan formlega menntakerfisins, sem hefur leitt til eftirtektarverðar fjölgunar "óformlegrar" menntunar í sænska viðmiðunarrammanum um menntun og hæfi, SeQF.

Formlegt nám – það sem raunfærnimat á öllum Norðurlöndunum beinist oftast að, er til jafngildi náms á framhaldsskólastigi (ISQF3/EQF4) til æðri menntunar (ISQF5.1,5.2/EQF 6) –, þó mat á raunfærni sé ekki alltaf beitt til aðgangs eða undanþágu. Þá virðist sem raunfærnimat á háskólastigi hafi ekki þróast til jafns við það sem gildir til dæmis um nám á framhalds-skólastigi. Af þessu má telja að tilmælum Evrópusambandsins um að öll lönd innan sambandsins ættu að hafa komið á fyrirkomulagi fyrir mat á raunfærni fyrir lok árs 2018, hafi enn ekki verið mætt að fullu.

Erfiðaðra er að túlka upplýsingar um **grunnmenntun fullorðinna** (ISQF1–2/EQF 2–3) þar sem raunfærnimat er alla jafna samþætt afskiptum af félagslega og efnahagslega viðkvæmum hópum. Markmiðið er oft að vinna gegn útilokun og afskiptunum er ætlað að leiða til þátttöku á vinnumarkaði eða til frekara náms. Grænland er gott dæmi um þetta þar sem mikil viðleitni í þessa veru hefur verið fyrir hendi, en það getur verið áskorun að átta sig á hvað formlegt raunfærnimat er í skilningi ESB skilgreiningarinnar.

TILMÆLI

Raunfærnimatshópur NVL mælir með því að öll Norðurlöndin, þar á meðal Færeyjar, Grænland og Álandseyjar, leggi til:

- **Eftirfylgni raunfærnimats í samræmi við megintilgang þess** – fyrir aðgang að menntun á réttum vettvangi, fyrir undanþágur til þess að stytta menntun og vinnumarkaðinn til að gera einstaklingum kleift að sækja um störf sem samræmast raunverulegri færni þeirra.
- **Eftirfylgni raunfærnimats við formlega menntun ásamt mati sem fer fram í öðru samhengi** – þ.m.t. framhaldsskólamenntun, starfsmenntun, háskólamenntun,

vinnumarkaðsráðstafanir, alþýðufræðsla, raunfærnimat atvinnugreina o.s.frv.

- **Eftirfylgni einstaklingsbundins raunfærnimats** sem auðveldar mælingar á áhrifum og samanburð á tölulegum upplýsingum um atvinnu, félagslega og efnahagslega bakgrunnsþætti, félagslegan kostnað og fjármál einkaaðila.
- **Tilgreini stofnun sem ber ábyrgð á söfnun tölulegra gagna** og fela henni það verkefni að bera ábyrgð á söfnun framangreindra upplýsinga og gera þær aðgengilega fyrir almennar rannsóknir og mælingar á áhrifum raunfærnimats.

Tillögur ESB um raunfærnimat

Evrópusambandið þróaði eftirfarandi tilmæli um raunfærnimat á óformlegu og formlausu námi og birti þau árið 2012:

Í því skyni að veita einstaklingum tækifæri til að sýna fram á þá þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér utan formlegrar menntunar og þjálfunar ættu aðildarríkin að hafa til staðar kerfi fyrir mat á raunfærni til að staðfesta óformlegt og formlaust nám sem gerir einstaklingum kleift að:

- öðlast þekkingu, færni og hæfni með óformlegu og formlausu námi, þ.m.t., eftir atvikum, með opnu menntaefni,
- öðlast fulla menntun og hæfi eða, eftir atvikum, hluta hæfis, á grundvelli raunfærnimats á óformlegu og formlausu námi.

→ Lesið meira um tillögurnar [hér](#).



Um raunfærnimatshóp NVL

Í [raunfærnimatshópi NVL](#) sitja fulltrúar stofnana sem gegna lykilhlutverki í þróun raunfærnimats á öllum Norðurlöndunum, Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Hópurinn hefur verið virkur síðan 2005 þegar Norræna ráðherranefndin lagði áherslu á raunfærnimat (VPL) sem eitt af forgangsverkefnum í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu.

TILVIST TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA

WHvað varðar tölulega upplýsingar og eftirfylgni verður myndin fjölbreyttari. Ísland hefur til dæmis tölulegar upplýsingar greinanlegar fyrir einstaklinga, sem hægt er að tengja við aðrar tölulegar upplýsingar til að rannsaka áhrif af raunfærnimati, að undanskildu mati á háskólastigi þar sem raunfærnimat hefur ekki enn verið að fullu komið á fót. Til samanburðar liggja engar tölulegar upplýsingar um raunfærnimat fyrir á Álandseyjum, en í kjölfar norrænu könnunarinnar hefur Hagstofu Álandseyja (ASUB) verið falið að undirbúa söfnun gagna.

Nýlega hefur kviknað áhugi á tölulegum upplýsingum og eftirfylgni raunfærnimats á Norðurlöndum. Sem dæmi um það mætti nefna Svíþjóð, en þar hefur ný löggjöf tekið gildi. En enn er langt í að kerfi sem skilar hágæða gögnum fyrir eftirfylgni og rannsóknir á áhrifum verður

virkt. Í flestum löndum er hins vegar yfirvald eða stofnun sem ber ábyrgð á tölfræðilegum upplýsingum.

Sá þáttur sem ef til vill knýr þróunina gæti verið áætlun Evrópusambandsins til 2030 um sjálfbæra þróun og færniáætlun ESB fyrir samkeppnishæfan og sveigjanlegan vinnumarkað. Aðildarlöndin standa frammi fyrir miklum áskorunum, bæði þegar kemur að því að styrkja stöðu einstaklingsins og nýta sér betri og hagkvæmari menntun í löndum þeirra. Mat á raunfærni er mikilvægt tæki fyrir þessa þróun, en enn er verið að berjast við að reikna út samfélagslegan kostnað og ávinning til að geta tekið vel upplýstar ákvarðanir.

Almennt er talið að það sem mælt er og fylgt eftir hafi tilhneigingu til að vaxa og þróast. Á hinn bóginn, það sem er hvorki mælt né fylgt eftir, haldist ósýnilegt. Þetta

gæti að hluta til verið skýring á ófullkominni framkvæmd á raunfærnimati á óformlegu og formlausu námi fimm árum eftir að innleiða átti tilmæli ESB.

Með því að hefja söfnun tölulegra upplýsinga og leggja grunn að mati og rannsóknum á áhrifum raunfærnimats er líklegt að innleiðingunni verði hraðað og fjárfest í mati á raunfærni þar sem það skilaði mestu. Margar sólskinssögur benda til þess að margir njóti ávinnings af raunfærnimati; einstaklingar, fyrirtæki og samfélag.

Nú er **kominn tími til að taka saman staðreyndir** sem leggja grunn að vísindalegum athugunum og leiða til pólitískra forgangsroðunar og ákvarðana.

